

Nefndarsvið Alþingis
hr. Ingvar Þór Sigurðsson
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK
ÍSLAND

Reykjavík, 21. nóvember 2005
Tilvísun: 2005100023/30.9
SGB/BH
Tilv. ykkar: 16.nóvember 2005

Efni: Göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss, þskj. 38 - 38. mál.

Með bréfi dags. 16. nóvember 2005 er óskað eftir umsögn um ofangreint málefni.

Núverandi brú á Ölfusá er byggð á árinu 1945 og ljóst að mikil aukning umferðar hefur orðið síðan þá og meira um stærri ökutæki í umferðinni.


Akbraut á Ölfusárbrú er í dag 6,2m þ.e. á milli handriða en ef ný brú væri byggð í dag skv. vegstaðli yrði hún væntanlega 13,5m breið á milli handriða. Gönguleiðin er einnig nokkuð þröng yfir brúna eða um 1,5m. Talsvert hefur verið um ákeyrslur á handrið á milli gönguleiðar og akbrautar á undanförunum árum en fyrir um 2 árum var handriðið fært til um ca. 20cm þannig að akbrautin var víkkuð sem því nam og gönguleiðin þrengd. Hefur ákeyrslum fækkað nokkuð eftir þetta en þó hafa orðið nokkuð miklar skemmdir á handriðinu nú í sumar vegna óhappa sem þar hafa orðið og stendur fyrir dyrum nokkuð stór viðgerð á því.

Sveitarfélagið Árborg hefur á umliðnum árum óskað eftir því við Vegagerðina að gerðar yrðu úrbætur á ástandinu og byggð sérstök göngubrú yfir ána. Áður en ráðist var í endurbætur á núverandi brú fyrir rúmum 10 árum síðan voru skoðaðir kostir varðandi gönguleiðina m.a. með því að byggja léttu brú utan á núverandi brú til þess að bera gangandi umferð. Niðurstaða þessara athugana var sú að ekki þótti unnt að mæla með því að láta burðarvirki brúarinnar bera göngustíg yfir ána á annan hátt en nú er gert. Þyrfti því að horfa til annarra lausna ef bæta ætti þjónustu við gangandi umferð á þessum stað.

Einnig vakti Vegagerðin athygli á 20. gr. vegalaga nr. 45/1994 með síðari breytingum, en þar segir m.a., að viðkomandi sveitarfélagi beri að greiða kostnað við gerð hjólreiða- og göngustiga. Því er ekki augljóst, að Vegagerðinni sé heimilt að taka þátt í kostnaði við gerð göngubrúar yfir Ölfusá.

Umræða hefur verið um að færa Hringveginn norður fyrir byggðina við Selfoss og gert ráð fyrir því í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Ljóst er þó að um núverandi brú verður áfram töluverður hluti umferðarinnar vegna þess hversu mikil þjónusta er á Selfossi og hafa umferðarkannanir sýnt það. Ný brú mun því ekki leysa þann vanda sem við er að glíma varðandi göngutengsl.

Virðingarfyllst,



Þón Rögnvaldsson, vegamálastjóri